



Kópavogi, 3. desember 2025
25101045/ AK

Dalvegur 24

Umsögn í samræmi við beðni Samgöngustofu

Umsögn skipulagsfulltrúa

Þann 10. október 2025 barst umsagnarbeðni frá Samgöngustofu vegna umsóknar um starfsleyfi fyrir bílaleigu og geymslustað ökutækja við Dalveg 24. Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann dags. 10. október 2025 og var erindinu vísað til umsagnar verkefnastjóra.



Mynd 1. Loftmynd af umræddri lóð. Tekin af kortavef Kópavogs.

Í erindi Samgöngustofu er óskað eftir að Kópavogsbær veiti umsögn um geymslustað ökutækja vegna starfsleyfisumsóknar fyrir ökutækjaleigu við Dalveg 24. Þá kemur fram að um sé að ræða geymslu þriggja ökutækja.

Umrædd lóð er á svæði VP-10 fyrir verslun og þjónustu skv. aðalskipulagi Kópavogs. Rekstur ökutækjaleigu er í samræmi við skilgreiningu aðalskipulags. Ekki er fjallað sérstaklega um starfsemina í sérumfjöllum fyrir VP-10. Í aðalskipulagi er fjallað um bílastæðaviðmið fyrir svæðið. Hins vegar er í þessu tilviki ekki óskað eftir nýju bílstæði heldur fjallað um heimild til að geyma ökutæki á svæðinu. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag samþykkt dags. 16. júní 2009 m.s.br. Starfsemin er í samræmi við deiliskipulag.

Umsögn og niðurstaða

Niðurstaða skipulagsfulltrúa er að starfsemi ökutækjaleigu og geymsla þriggja ökutækja sé í samræmi við aðal- og deiliskipulag.

F.h. skipulagsfulltrúa
Andrea Kristinsdóttir
Verkefnastjóri aðalskipulags

